



**Samandreginn árshlutareikningur samstæðu**

**1. janúar til 31. mars 2026**

**Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880**

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2 - 3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Eiginfjáryfirlit.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8 - 12
Ársfjórðungsyfirlit.....	13

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars sem nam 171 m.kr. samanborið við tap að fjárhæð 188 m.kr. á sama tímabili 2025. Heildartekjur félagsins á tímabilinu námu 7.249 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 7.173 m.kr. á sama tímabili árið 2025. Eignir félagsins í lok tímabils námu 47.174 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 16.720 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 35,4%.

Þann 23. október 2025 var undirritaður samningur um kaup á öllu hlutafé í Greiðslumiðlun Íslands ehf. (GMÍ). Heildarvirði (e. enterprise value) GMÍ í viðskiptunum nemur 3.500 m.kr. Þann 18. desember 2025 var undirritaður samningur um kaup á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf. (OK) og Öryggismiðstöð Íslands hf. (ÖMÍ). Samanlagt heildarvirði OK og ÖMÍ í viðskiptunum nemur 13.750 m.kr. að viðbættum leiguskuldbindingum sem eru áætlaðar um 1.000 m.kr. Kaupin verða fjármögnuð með hlutafé í Símanum, lánsfé og handbæru fé. Miðað er við að um 6.125 m.kr. verði greiddar með afhendingu u.þ.b. 428 milljón hluta. Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Unnið er að breyttu skipulagi samstæðunnar og færslu fjarskipta- og miðlareksturs í nýtt dótturfélag. Móðurfélag samstæðunnar mun bera nafnið Ásar.

Þann 12. mars komust Síminn hf. og Sýn hf. að samkomulagi um helstu skilmála vegna mögulegra kaupa Símans á vef- og útvarpsmiðlum Sýnar. Í skilmálaskjalinu er fjallað um helstu forsendur viðskiptanna og gert ráð fyrir að heildarvirði einingarinnar sé 5.250 m.kr. og tekjur nemi um 3.000 m.kr. á ársgrundvelli. Samkvæmt skilmálaskjalinu skuldbinda aðilar sig til þess að vinna að því að undirrita kaupsamning á grundvelli þeirra skilmála sem fram koma í skilmálaskjalinu. Viðskiptin eru háð niðurstöðum áreiðanleikakönnunar, samkomulagi um endanlegan kaupsamning, samþykki stjórnar beggja aðila og samþykki viðeigandi eftirlitsaðila.

Síminn lauk þann 11. mars sölu á nýjum almennum skuldabréfaflokki SIMINN 29 1, sem gefinn er út undir útgáfuramma félagsins. Ákveðið var að taka tilboðum að nafnvirði 4.440 m.kr. á álaginu 1,30% á 1M REIBOR.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn áfrýjaði málinu fyrst til Héraðsdóms Reykjavíkur og svo til Landsréttar en Seðlabankinn var sýknaður á báðum dómsstigum. Þann 10. apríl 2026 hafnaði Hæstiréttur beiðni félagsins um áfrýjunarleyfi. Félagið hefur því gjaldfært fjárhæðina í rekstri.

Á aðalfundi félagsins þann 12. mars 2026 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins vegna eigin hluta sem nam 75 m.kr. að nafnvirði. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 240 m.kr. að nafnvirði og tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi þann 30. mars s.l. Í samræmi við heimildir aðalfundar félagsins árið 2025 hafa á tímabilinu janúar til mars verið keypt eigin bréf að nafnvirði 5 m.kr. fyrir 64 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2026, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. mars 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2026. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Stjórn og forstjóri Símanns hf. hafa í dag fjallað um árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2026

## Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Valgerður Halldórsdóttir

## Forstjóri

María Björk Einarsdóttir

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar til 31. mars 2026

	Skýr.	2026 1.1.-31.3.	2025 1.1.-31.3.
Sala .....	5	7.058	7.003
Kostnaðarverð sölu .....	6	( 4.637)	( 4.526)
<b>Framlegð .....</b>		2.421	2.477
Aðrar rekstrartekjur .....		191	170
Rekstrarkostnaður .....	7	( 2.196)	( 2.458)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>		416	189
Fjármunatekjur .....		244	192
Fjármagnsgjöld .....		( 462)	( 517)
Gengismunur .....		38	4
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	( 180)	( 321)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....		236	( 132)
Tekjuskattur .....	9	( 65)	( 56)
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins .....</b>		<u>171</u>	<u>( 188)</u>
EBITDA .....	4	1.362	1.272
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Hagnaður (tap) á hlut .....		0,07	( 0,08)
Þynntur hagnaður (tap) á hlut .....		0,07	( 0,08)

Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Efnahagsreikningur 31. mars 2026

	Skýr.	31.3.2026	31.12.2025
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		3.662	3.555
Leigueignir .....		1.909	1.843
Óefnislegar eignir .....		26.585	27.048
Aðrar eignir .....	9	818	871
	Fastafjármunir	<u>32.974</u>	<u>33.317</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	10	1.593	1.550
Viðskiptakröfur .....	11	2.371	2.538
Útlán .....	12	4.055	4.204
Aðrar skammtímakröfur .....	13	2.103	1.733
Handbært fé .....		4.078	980
	Veltufjármunir	<u>14.200</u>	<u>11.005</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u><u>47.174</u></u>	<u><u>44.322</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		2.326	2.331
Lögbundinn varasjóður .....		583	583
Annað bundið eigið fé .....		1.502	1.390
Óráðstafað eigið fé .....		12.309	12.797
	Eigið fé	<u>16.720</u>	<u>17.101</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		17.571	13.127
Leiguskuldbindingar .....		1.645	1.573
Viðskiptaskuldir .....		753	734
Tekjuskattskuldbinding .....	14	583	629
	Langtímaskuldir	<u>20.552</u>	<u>16.063</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		1.401	1.401
Viðskiptaskuldir .....	15	4.247	4.596
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		1.660	3.000
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....		398	396
Skattar til greiðslu .....		611	542
Aðrar skammtímaskuldir .....	16	1.585	1.223
	Skammtímaskuldir	<u>9.902</u>	<u>11.158</u>
	Skuldir samtals	<u>30.454</u>	<u>27.221</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>47.174</u></u>	<u><u>44.322</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Eiginfjárfirlit 31. mars 2026

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2025 .....	2.483	621	828	14.184	18.116
Tap tímabilsins .....				( 188)	( 188)
Greiddur arður (0,2 á hlut) .....				( 498)	( 498)
Keypt eigin bréf .....	( 38)	( 9)		( 478)	( 525)
Fært á bundið eigið fé .....			91	( 91)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga .....				11	11
<b>Eigið fé 31.3.2025 .....</b>	<b>2.445</b>	<b>612</b>	<b>919</b>	<b>12.940</b>	<b>16.916</b>
Eigið fé 1.1.2026 .....	2.331	583	1.390	12.797	17.101
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....				171	171
Greiddur arður (0,2 á hlut) .....				( 500)	( 500)
Keypt eigin bréf .....	( 5)			( 59)	( 64)
Fært á bundið eigið fé .....			112	( 112)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga .....				12	12
<b>Eigið fé 31.3.2026 .....</b>	<b>2.326</b>	<b>583</b>	<b>1.502</b>	<b>12.309</b>	<b>16.720</b>

Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2026

	Skýr.	2026	2025
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.*
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		416	189
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		946	1.083
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....		12	11
		<u>1.374</u>	<u>1.283</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....	(	43)	10
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun .....	(	179)	( 509)
Útlán, lækkun (hækkun) .....		206	( 17)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun .....		<u>182</u>	<u>377</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		166	( 139)
		<u>1.540</u>	<u>1.144</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
		220	184
Innborgaðir vextir .....		220	184
Greiddir vextir .....	(	428)	( 420)
Greiddir skattar .....	(	43)	( 53)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.289</u>	<u>855</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(	375)	( 363)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	252)	( 184)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		3	0
Keypt lánasafn .....		<u>0</u>	<u>( 1.429)</u>
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>624)</u>	<u>( 1.976)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....	(	500)	( 498)
Kaup eigin bréfa .....	(	64)	( 525)
Tekin ný langtímalán .....		4.440	1.500
Afborganir langtímalána .....	(	1.340)	( 107)
Afborganir leiguskuldbindinga .....	(	100)	( 87)
Skammtímalán, breyting .....		<u>0</u>	<u>400</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>2.436</u>	<u>683</u>
Breyting á handbæru fé .....		3.101	( 438)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....	(	3)	( 4)
Handbært fé í byrjun tímabilsins .....		980	835
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<u>4.078</u>	<u>393</u>

\* Samanburðartölur hafa verið endurflokkaðar. Sjá nánar í skýringu 3.  
Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2026 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símanns hf. eru Síminn Pay ehf., Radiómiðun ehf., Billboard ehf., BBI ehf. og Noona Iceland ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, fjártækni og miðlunar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### 2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símanns hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2025. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 28. apríl 2026.

### 2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

### 2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### 2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025.

Frá 1. janúar 2026 er breyting útlána í sjóðstreymisýfirliti færð undir breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum. Áður voru breytingar á útlánnum færðar sem fjárfestingarhreyfing. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis og 17 m.kr. hækkun útlánasafns sem áður var undir fjárfestingarhreyfingum er færð undir breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta: .....	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Gagnaflutningur: .....	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Dreifing á sjónvarpsefni, áskriftir og notkun á miðlum félagsins.
Auglýsingamiðlun .....	Auglýsingatekjur í umhverfismiðlun og sjónvarpi.
Vörusala: .....	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Fjártækni og önnur starfsemi sem fellur ekki undir aðra starfsþætti.

Starfsþættir 1.1.-31.3.2026	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.704	2.099	1.847	607	450	542	7.249
Óskipt rekstrargjöld .....							( 5.887)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....							1.362
Afskriftir .....							( 946)
Hrein fjármagnsgjöld .....							( 180)
Tekjuskattur .....							( 65)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>							<b>171</b>
Fjárfestingar .....							( 624)
Óskiptar eignir 31.3.2026 .....							47.174
Óskiptar skuldir 31.3.2026 .....							30.454

Starfsþættir 1.1.-31.3.2025	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.685	2.067	1.901	563	415	542	7.173
Óskipt rekstrargjöld .....							( 5.901)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....							1.272
Afskriftir .....							( 1.083)
Hrein fjármagnsgjöld .....							( 321)
Tekjuskattur .....							( 56)
<b>Tap tímabilsins .....</b>							<b>( 188)</b>
Fjárfestingar .....							( 547)
Óskiptar eignir 31.3.2025 .....							42.135
Óskiptar skuldir 31.3.2025 .....							25.219

## 5. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:

	2026	2025
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Sala á þjónustu .....	5.972	6.012
Auglýsingasala .....	597	551
Vörusala .....	489	440
	<u>7.058</u>	<u>7.003</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	453	421
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	3.171	2.968
Kostnaðarverð seldra vara .....	434	395
Eignfærð vinna .....	( 49)	( 46)
Afskriftir .....	628	788
	<u>4.637</u>	<u>4.526</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	1.047	959
Markaðs- og sölukostnaður .....	159	174
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður .....	72	74
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	295	257
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	228	239
Stjórnvaldssekt og skaðabætur .....	77	461
Afskriftir .....	318	294
	<u>2.196</u>	<u>2.458</u>

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

### Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum .....	77	52
Vaxtatekjur af útlánnum .....	167	140
	<u>244</u>	<u>192</u>

### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld .....	( 407)	( 397)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga .....	( 40)	( 42)
Niðurfærsla útlána .....	4	( 30)
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 19)	( 48)
	<u>( 462)</u>	<u>( 517)</u>

Gengismunur .....	38	4
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 180)</u>	<u>( 321)</u>

## Skýringar

### 9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	<b>31.3.2026</b>	<b>31.12.2025</b>
Fjárfesting í öðrum félögum .....	57	57
Sjónvarpsefni til sýningar .....	468	468
Útlán til meira en 12 mánaða .....	293	346
Aðrar eignir samtals .....	<u>818</u>	<u>871</u>

### 10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:		
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir .....	851	724
Sjónvarpsefni til sýningar .....	742	826
Birgðir samtals .....	<u>1.593</u>	<u>1.550</u>

### 11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur .....	2.491	2.653
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 120)	( 115)
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>2.371</u>	<u>2.538</u>

### 12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-36 mánuðir.

Útlán 31.3.2026:	Brúttó bókfært virði	Fært meðal langtíma- krafna	Vænt útlánatap	Skamm- tímaluti útlána
Útlán fastar greiðslur 1-36 mán .....	1.370	( 293)	( 77)	1.000
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur .....	3.162	0	( 107)	3.055
	<u>4.532</u>	<u>( 293)</u>	<u>( 184)</u>	<u>4.055</u>

Útlán 31.12.2025:

Útlán fastar greiðslur 1-36 mán .....	1.599	( 345)	( 74)	1.180
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur .....	3.158	0	( 134)	3.024
	<u>4.757</u>	<u>( 345)</u>	<u>( 208)</u>	<u>4.204</u>

### 13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	<b>31.3.2026</b>	<b>31.12.2025</b>
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.154	724
Aðrar skammtímakröfur .....	949	1.009
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>2.103</u>	<u>1.733</u>

## Skýringar

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:	31.3.2026	31.12.2025
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	629	686
Tekjuskattur tímabilsins.....	65	485
Skattar til greiðslu.....	( 111)	( 542)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>583</u>	<u>629</u>

### 15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir .....	3.112	3.374
Áfallinn kostnaður .....	1.135	1.222
Viðskiptaskuldir samtals .....	<u>4.247</u>	<u>4.596</u>

Viðskiptaskuldir sem koma til greiðslu eftir 12 mánuði eða meira falla undir viðskiptaskuldir meðal langtímaskulda.

### 16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður .....	762	664
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	442	203
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	378	355
Aðrar skammtímaskuldir .....	<u>3</u>	<u>1</u>
Aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>1.585</u>	<u>1.223</u>

### 17. Málarekstur

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn áfrýjaði málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur til að fá ákvörðuninni hnekk en Héraðsdómur sýknaði Seðlabankann. Síminn áfrýjaði dóminum til Landsréttar og sýknaði Landsréttur Seðlabankann með dómi uppkveðnum þann 12. febrúar 2026. Þann 10. apríl 2026 hafnaði Hæstiréttur beiðni félagsins um áfrýjunarleyfi. Félagið hefur því gjaldfært fjárhæðina í rekstri.

Staða eftirfarandi máls er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2025.

Símanum barst andmælaskjal frá Samkeppniseftirlitinu í tengslum við kaupin á Noona Iceland. Frumskoðun Samkeppniseftirlitsins er að brotið hafi verið gegn ákvæðum samkeppnislaga í tengslum við upplýsingagjöf gagnvart Samkeppniseftirlitinu þegar stofnunin var með kaupin á Noona Iceland til skoðunar. Einnig eru gerðar athugasemdir við hugsanlega framkvæmd samrunans áður en rannsókn eftirlitsins lauk. Síminn hefur svarað andmælaskjalinu og hefur sett fram sjónarmið félagsins.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöðu þessa máls er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þess. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindu máli.

### 18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árslutareikninginn.

# Ársfjórðungsýfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2025	2 F 2025	3 F 2025	4 F 2025	1 F 2026
Sala .....	7.003	7.017	6.888	7.090	7.058
Kostnaðarverð sölu .....	( 4.526)	( 4.375)	( 4.099)	( 4.288)	( 4.637)
<b>Framlegð .....</b>	<b>2.477</b>	<b>2.642</b>	<b>2.789</b>	<b>2.802</b>	<b>2.421</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	170	179	174	246	191
Rekstrarkostnaður .....	( 2.458)	( 1.890)	( 1.938)	( 2.056)	( 2.196)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>189</b>	<b>931</b>	<b>1.025</b>	<b>992</b>	<b>416</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 321)	( 257)	( 245)	( 238)	( 180)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>( 132)</b>	<b>674</b>	<b>780</b>	<b>754</b>	<b>236</b>
Tekjuskattur .....	( 56)	( 137)	( 158)	( 134)	( 65)
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins .....</b>	<b>( 188)</b>	<b>537</b>	<b>622</b>	<b>620</b>	<b>171</b>
EBITDA .....	1.272	1.924	1.848	1.916	1.362